





HÓTELVÖKTUN

Sérhæfð öryggisþjónusta fyrir hótél





Öryggi hótélgesta í forgrunni

Það er ekkert mikilvægara fyrir hóteleigendur en að gestir þeirra upplifi afslappað, faglegt og vingjarnlegt andrúmsloft á sama tíma og gestirnir finni að hótélstarfsmönnum er annt um öryggi þeirra. Hóteleigendur á Íslandi eru í auknum mæli að átta sig á þörfinni fyrir sérhæfða öryggisgæslu á hótélum bæði vegna öryggis gesta og starfsfólks og vegna markaðslegs mikilvægis. Þess vegna leggur Securitas nú aukna áherslu á þennan þátt í þjónustuframboði sínu.

Áhersla á afburða öryggisþjónustu

Sérhæfðri öryggisþjónustu er sinnt af starfsmönnum Securitas sem hlotið hafa sérstaka og yfirgripsmikla þjálfun í öryggismálum. Þessir starfsmenn starfa sem verktakar á hótélum og vinna við hlið hótélstarfsmanna. Þeir sinna almennum hótélstörfum en leggja sérstaka áherslu á öryggisþátt starfsins. Öryggisverðirnir geta sinnt sértækri gæslu, þjónustu og sérhæfðum öryggisstörfum að nóttu til.



Starfsmenn Securitas geta verið í einkennisfatnaði fyrirtækisins eða í einkennisfatnaði hótelsins og vekja þannig ekki sérstaka athygli. Þeir hafa öryggisþáttinn ætíð í forgrunni en veita viðskiptavinum hótelsins alla þá þjónustu sem þörf er á, s.s. að skrá gesti inn og út af hóteli. Öryggisverðirnir eru sérþjálfaðir í réttum viðbrögðum við hinum ýmsu atvikum t.d. ef þörf er á skyndihjálp, viðbrögðum við ógnandi hegðun eða komi til rýmingar vegna eldsvoða.

Aukin þörf er fyrir sérstaka öryggisgæslu á hótelum í ljósi aukinnar aðsóknar erlendra ferðamanna til Íslands. Securitas býður nú sérhæfða öryggisþjónustu að fyrirmynd nágranna okkar á Norðurlöndunum. Viðskiptavinum Securitas, sem nýta þessa þjónustu, fjölgar jafnt og þétt og má það þakka hæfu og faglegu starfsfólki fyrirtækisins sem býr yfir ríkri þjónustulund ásamt yfirgripsmikilli þekkingu á tækni og tæknibúnaði.

Miklar kröfur eru gerðar til hótela þegar kemur að öryggi og forvörnum. Almennt er starfsfólk hótela vel þjálfað en oft vantar sérstaka öryggisþjálfun. Með sérhæfðan öryggisvörð frá Securitas eru meiri líkur á markvissu og fyrirbyggjandi eftirliti og faglegum viðbrögðum í erfiðum aðstæðum sem snúa að öryggi. Einnig leggur viðkomandi starfsmaður fram tillögur til úrbóta í öryggismálum ásamt því að þjónusta gesti á hvaða tímum sólarhrings sem er. Sífellt fleiri hótél í Reykjavík hafa ákveðið að nýta sér hótélþjónustu Securitas við alla næturvörslu, öryggisgæslu og eftirlit með húsnæði og umhverfi hótelsins.

Skjót viðbrögð eru nauðsynleg

Þjónustan er til mikilla þæginda fyrir rekstraraðila og eigendur hótela. Bakland Securitas er viðamikill og hægt er að kalla eftir aðstoð með litlum fyrirvara, sé þess þörf. Securitas hefur á hverjum tíma rúmlega 200 starfsmenn á gæsluviði til taks sem bregðast skjótt við þegar aðstoðar er þörf. Þannig er tryggt að sem minnst röskun verði á starfsemi hótelanna og að gestir verði sem minnst varir við aðgerðir.

Hafðu samband við ráðgjafa Securitas og við komum í heimsókn til að kynna fyrir þér sérhæfðar öryggislausnir fyrir hótelið þitt

Hringdu í 580-7000 eða sendu okkur tölvupóst á securitas@securitas.is



NÆR 40 ÁRA REYNSLA
YFIR 500 STARFSMENN
YFIR 100 ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTUBÍLAR
RÚMLEGA 20.000 VIÐSKIPTAVINIR
Á VAKTINNI ALLAN SÓLARHRINGINN - 365 DAGA ÁRSINS

Securitas hf.
580 7000
securitas@securitas.is
www.securitas.is

Reykjavík

Skeifan 8
108 Reykjavík

Reykjanes

Lðavellir 13
230 Reykjanesbær

Austurland

Strandgata 18
735 Eskifjörður

Akureyri

Tryggvabraut 10
600 Akureyri

Suðurland

Austurvegur 10
800 Selfoss